

Miðvikudaginn 23. september 1992.

Nr. 352/1992. **Íslandsbanki hf.**

gegn

Árna Sigurðssyni.

Kærumál. Gjaldþrotalög. Varnarþing. Birting.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Garðar Gíslason og Guðmundur Jónsson, fyrirverandi hæstaréttardómari.

Sóknaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. ágúst sl. með heimild í 191. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o. fl., sbr. 179. gr. sömu laga, og með vísan til laga um Hæstarétt Íslands. Hann krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og að fallist verði á kröfu sína um töku bús varnaraðila til gjaldþrotaskipta. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi varnaraðila fyrir skiptarétti og Hæstarétti.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í dómi Hæstaréttar 16. mars sl. kemur fram, að varnaraðili hafi átt heimili á Ísafirði á frestdegi 12. júlí 1990, er krafa um gjaldþrotaskipti á búi hans barst skiptaráðandanum á Ísafirði. Birting tilkynningar um kröfu þessa samkvæmt 2. tl. 18. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 taldist hins vegar vera ófullnægjandi, og var úrskurður skiptaráðanda 12. nóvember 1990 því felldur úr gildi með dómnum. Sóknaraðili ítrekaði kröfuna 20. mars 1992, enda þótt þess hafi ekki verið þörf, þar sem krafan hafði hvorki verið afturkölluð né henni hafnað.

Krafa sóknaraðila 12. júlí 1990 var réttilega send skiptaráðandanum á Ísafirði, þar sem varnaraðili átti heimili, sbr. 1. tl. 3. gr. gjaldþrotalaga, og var krafa 20. mars sl. það því einnig, sbr. 1. gr. tilskipunar frá 21. júní 1793, sbr. 95. gr. laga nr. 3/1878. Skiptaráðandi sendi varnaraðila tilkynningu í formi stefnu í símskeyti 30. mars sl. um fyrirtöku kröfunnar í skiptarétti Ísafjarðar 10. apríl sl., sbr. 102. gr. laga nr. 85/1936, sbr. nú 92. gr. laga nr. 91/1991. Samkvæmt þessu teljast bæði varnarþing og kvaðning varnaraðila til skiptaréttar vera fullnægjandi. Ber því að fella hinn kærða

úrskurð úr gildi og dæma varnaraðila til að greiða sóknaraðila málskostnað í skiptarétti og kærúmálskostnað, samtals 50.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Varnarðili, Árni Sigurðsson, greiði sóknaraðila, Íslandsbanka hf., samtals 50.000 krónur í málskostnað í skiptarétti og kærúmálskostnað.

Úrskurður skiptaréttar Ísafjarðar 15. júní 1992.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 19. maí 1992, er þannig til komið, að með bréfi, dagsettu 20. mars 1992, beiddist Guðjón Á. Jónsson héraðsdómslögmaður þess fyrir hönd Íslandsbanka hf., Laugavegi 31, Reykjavík, með vísan til gjaldþrotaskiptabeiðni sama frá 12. júlí 1990, þar sem dómur Hæstaréttar í málinu nr. 14/1991 felldi úr gildi gjaldþrotáúrskurð skiptaráðandans á Ísafirði, dagsettan 12. nóvember 1990, að á ný yrði kveðinn upp úrskurður um fram komna gjaldþrotaskiptabeiðni á búi Árna Sigurðssonar, kt. 180441-2559. Jafnframt krafðist hann, að krafan um skipti yrði tilkynnt Árna Sigurðssyni með skeyti. Einnig sagði í bréfinu: „Krafa umbj. míns um gjaldþrotaskipti er byggð á sömu rökum og í upphafi, þ. e. á yfirlýsingu gerðarþola og árangurslausri löghaldsgerð og með vísan til 13. gr. laga nr. 6/1978. Auk þess liggja nú fyrir upplýsingar um, að Árni hafi farið af landi brott og dveljist nú í Bandaríkjum Norður-Ameríku, að því er ætla má, vegna skulda, ef litið er til kröfuskrár í gjaldþrotamáli hans. Dráttur á gjaldþrotaskiptum myndi valda umbj. mínum tjóni, þar sem um meintan riftanlegan gjafagerning er að ræða til eiginkonu hans. Er um þetta vísað til fram lagðra skjala í þrotamáli á Árna.“

Bréf var sent 30. mars 1992 á heimilisfang Árna, en síðar tókst skiptaráðanda að afla upplýsinga um nýtt heimilisfang og sendi símskeyti á það heimilisfang, en ábyrgðarbréf á fyrra heimilisfang var endursent skiptaráðanda sem og ábyrgðarbréf, dagsett 31. mars 1992, sent á nýja heimilisfangið.

Sótt var þing af hálfu skiptastefnda við fyrirtöku málsins 10. apríl 1992, en þá mætti Arnar Geir Hinriksson hdl. vegna Haralds Blöndals hrl. og mótmælti, að úrskurður næði fram að ganga. Málið var skriflega flutt.

— — —

Niðurstaða.

Með dómi Hæstaréttar í málinu nr. 14/1991 16. mars 1992 var úrskurður

skiptaráðandans á Ísafirði frá 12. nóvember 1990 um töku bús Árna Sigurðssonar til skipta felldur úr gildi.

Krafist hefur verið nýs úrskurðar á sama grundvelli, og hafa skjöl málsins verið lögð fyrir réttinn. Deilt er um það, hvort heimilt sé að taka bú skiptastefnda til gjaldþrotaskipta á nýjan leik og þá væntanlega rifta hinum meinta riftanlega gjafagerningi hans til eiginkonu sinnar. Beiðni sú, sem hér er til umfjöllunar, er nægilega snemma fram komin til þess, að skilyrði 4. mgr. 1. gr. laga nr. 6/1978 væru uppfyllt.

Rétt verður að telja að taka málið fyrir í skiptarétti Ísafjarðar með vísan til forsögu þess og þess, að skiptastefndi sýnist hafa átt hér lögheimili um skeið. Skiptastefndi á nú hvorki lögheimili á Ísafirði né annars staðar á Íslandi, og virðist það samrýmast ákvæðum 1. og 2. gr. laga um lögheimili nr. 21/1990, sbr. athugasemdir við 1. mgr. 3. gr. frumvarps til laga, sem síðar var samþykkt sem lög nr. 6/1978. Ekki hefur verið leitt í ljós, að skiptastefndi hafi dvalist hér á landi né verið hér staddur, sbr. 73. gr. laga nr. 85/1936, eftir að gjaldþrotabeiðnin kom fram.

Ekki verður talið, að 95. gr. laga nr. 3/1878, sem fjallar um skipti dánarbúa, eigi hér við.

Með áður nefndum dómi Hæstaréttar féll úr gildi úrskurður skiptaránda, upp kveðinn 12. nóvember 1990, svo og allar eftirfarandi aðgerðir.

Þótt fyrir liggjandi beiðni grundvallist á lögvaldsgerðinni, sem varð grundvöllur hinnar ógildu skiptameðferðar, er hún engu að síður ný beiðni, sbr. 4. tölulið 1. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978, um nýja ósk eða kröfu um gjaldþrotaskipti. Krafan, sem hér liggur fyrir, er því ný, og tengsl við hina fyrri málsmeðferð fá engu breytt þar um.

Skiptastefndi á hvorki varnarþing á Íslandi né hefur þar með höndum atvinnurekstur. Ber því þegar að synja kröfu um, að bú Árna Sigurðssonar verði tekið til gjaldþrotaskipta, með vísan til 1. og 2. mgr. 3. gr. laga nr. 6/1978, sbr. og tilskipun frá 21. júní 1793.

Ólafur Helgi Kjartansson bæjarfógeti kvað upp úrskurð þennan. Uppkvaðning úrskurðarins hefur dregist vegna embættisanna.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Bú Árna Sigurðssonar, kt. 180441-2559, talið lögheimili að Fagraholti 12, Ísafirði, verður ekki tekið til gjaldþrotaskipta.

Málskostnaður fellur niður.